

Foreldrar mínir eru ekki innsiglaðir í musterinu.
Þúðir það að ég geti ekki verið í eilífri fjölskyldu?
- Hugsandi í Varsjá

Kæri Hugsandi,

Þú ert barn himneskra foreldra. Þú varst hluti af fjölskyldu þeirra, jafnvel áður en þú komst til þessarar jarðar. Það mun aldrei breytast! Þú munt, sama hvað, alltaf vera hluti af eilífri fjölskyldu!

Himneskur faðir elskar þig og foreldra þína afar mikið. Hann vill að þið snúið öll aftur til hans. Hann mun halda áfram að blessa og leiða þig og fjölskyldu þína. Biðstu fyrir til hans varðandi áhyggjur þínar og hann mun hughreysta þig.

Kærleikskveðjur,

Barnavinur

Teiknið alla meðlimi fjölskyldu ykkar og eitthvað sem þið elskið við þau! Horfið á hið góða í fjölskyldu ykkar. Segið þeim frá því sem þið sjáið!

Fjölskylda ykkar og þið

Fjölskylda ykkar er meira en þið og foreldrar ykkar. Fjölskylda ykkar eru afi og amma, frændgarðurinn og allir þar á undan. Einn daginn gæti fjölskylda ykkar náð yfir maka ykkar og börn. Það er stór fjölskylda!